

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum, „Herjólfsgata 30-34“, í Hafnarfjarðarkaupstað.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 5. september 2006 breytingu á deiliskipulagi Hleina að Langeyrarmölum, „Herjólfsgata 30-34“, í Hafnarfirði. Deiliskipulagsbreytingin felst m.a. í að núverandi byggingar á reitnum eru fjarlægðar og í stað þeirra eru byggðar 3 nýjar byggingar á lóðunum nr. 30, 32 og 34 með að hámarki 20 íbúðum. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 22. janúar 2007,*

**Málfríður Kristjánsdóttir** arkitekt.

---

B-deild – Útgáfud.: 7. febrúar 2007